

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
kveðjuathöfn við húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð,
miðvikudaginn 11. júní 2025 kl. 16.00**

Kæra samstarfsfólk.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér við þessa samkomu sem haldin er í tilefni þess að starfsfólk Menntavísindasviðs kveður nú senn aðsetur sitt hér í Stakkahlíð. Það er kunnara en frá þurfi að segja hvert tilefnið er, en nú hillir loks undir að Menntavísindasvið flytjist alfarið í nýuppgerða og glæsilega Sögu. Með því er langþráðum áfanga náð því þegar sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands tók formlega gildi 1. júlí 2008, á sama tíma og nýtt skipulag sameinaðs háskóla, var gert ráð fyrir skipan skólans í fimm fræðasvið, þar á meðal Menntavísindasvið. Jafnfram var ljóst að til að reka smiðshöggið á sameininguna þyrfti Menntavísindasvið að flytjast á aðalsvæði Háskóla Íslands á Melunum.

Tíminn er fugl sem flýgur og nú eru liðin rétt tæp 17 ár frá því að háskólarnir tveir sameinuðust formlega. Á þessum tíma hefur ýmsum möguleikum verið velt upp varðandi framtíðaraðsetur Menntavísindasviðs og var m.a. um tíma til skoðunar að flytja inn í Grósku eða að byggja nýtt hús við hlið Grósku. Það var svo á árinu 2023 sem upp kom sá möguleiki að Háskóli Íslands eignaðist Hótel Sögu og gekk það svo í gegn í desember sama ár. Þetta var sannarlega happafengur fyrir Háskóla Íslands, enda hentar byggingin afar vel fyrir

háskólastarfsemi auk þess sem hún er staðsett bókstaflega í hjarta háskólasvæðisins. Í framhaldinu var ráðist í umfangsmikla þarfagreiningu, skipulagningu og hönnun og á undanförnum misserum og mánuðum hefur verið unnið baki brotnu við að breyta og bæta húsið og gera það tilbúið til að gegna sínu nýja hlutverki. Eins og búast má við um svo stórt verkefni hefur verkið tafist lítillega, en á næstu dögum og vikum munu nýir notendur flytja inn og þegar haustmisserið hefst verður starfsemin væntanlega komin á fullt.

Með þessum áfanga verður ekki aðeins efnt heitið sem gefið var með *formlegri* sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, heldur opnast jafnframt ný og spennandi tækifæri til aukinnar *faglegar og félagslegrar* sameiningar. Því það er nú einu sinni svo að við erum líkamlegar og félagslegar verur og það skiptir öllu máli að geta hist, blandað geði og skiptst á skoðunum.

Það er ljóst að sameining háskólanna tveggja á sínum tíma var ekki sjálfgefin og gerðist ekki af sjálfu sér. Að baki bjó skýr og metnaðarfull framtíðarsýn og ég get ekki látið hjá líða að geta um þátt Ólafs Proppé, fyrrverandi rektors Kennaraháskóla Íslands, í því sambandi. Að öðrum ólöstuðum átti hann hvað stærstan þátt í því að sameiningin varð að veruleika og á hann miklar þakkir skildar fyrir.

Kæra samstarfsfólk. Ég vill ljúka máli mínu með því að bjóða ykkur öll, starfsfólk og nemendur Menntavísindasviðs, velkomin á háskólasvæðið. Ég er sannfærður um að það verður okkur öllum

heillaskref. Gangi ykkur vel með flutningana, undir forystu Kolbrúnar
Pálsdóttur, forseta sviðsins